

Hitaveita Brautarholts

Ársreikningur 2016

Hitaveita Brautarholts
Árnesi
801 Selfoss

Kt. 531289-2509

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Hitaveita Brautarholts er í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hitaveitan selur orku til íbúðarhúsa, fyrirtækja og stofnana í Brautarholti.

Engin laun voru greidd út á árinu hjá hitaveitunni.

Samkvæmt rekstrarreikningi var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 1,1 millj. kr. á árinu. Eigið fé í árslok nam 13,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Hitaveitu Brautarholts staðfestir hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2016 með undirskrift sinni.

Árnesi, 5. apríl 2017

Í stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Hitaveitu Brautarholts.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Brautarholts („hitaveitan“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2016 og afkomu hitaveitunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fólson, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 5. apríl 2017.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Selt heitt vatn		2.745.714	2.494.013
		<u>2.745.714</u>	<u>2.494.013</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrarkostnaður.....	5	1.281.211	1.182.849
		<u>1.281.211</u>	<u>1.182.849</u>
Hagnaður fyrir afskriftir		1.464.503	1.311.164
Afskriftir.....	2	42.134	84.446
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		1.422.369	1.226.718
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		206.150	241.090
Vaxtagjöld.....		(2.806)	(1.383)
Vextir frá tengdum aðilum.....		111.909	108.044
		<u>315.253</u>	<u>347.751</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		1.737.622	1.574.469
Tekjuskattur.....	4	(601.320)	(628.439)
Hagnaður ársins	3	<u><u>1.136.302</u></u>	<u><u>946.030</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Veitukerfi.....	2	803.764	845.898
Vélar og tæki.....	2	81.442	81.442
Tekjuskattseign.....	4	993.437	1.029.499
Fastafjármunir samtals		<u>1.878.643</u>	<u>1.956.839</u>
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....		5.965.622	5.229.790
Viðskiptakröfur.....		187.690	216.077
Aðrar skammtímakröfur.....		40.650	41.422
Handbært fé.....		5.937.810	5.498.667
Veltufjármunir samtals		<u>12.131.772</u>	<u>10.985.956</u>
Eignir samtals		<u>14.010.415</u>	<u>12.942.795</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		13.335.426	12.199.124
Eigið fé samtals	3	<u>13.335.426</u>	<u>12.199.124</u>
Skammtímaskuldir			
Tekjuskattur til greiðslu.....	4	527.134	532.280
Aðrar skammtímaskuldir.....		147.855	211.391
Skammtímaskuldir samtals		<u>674.989</u>	<u>743.671</u>
Skuldir samtals		<u>674.989</u>	<u>743.671</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>14.010.415</u>	<u>12.942.795</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....	3	1.136.302	946.030
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	2	42.134	84.446
Tekjuskattseign, breyting	4	36.062	(459.981)
Veltufé frá rekstri		<u>1.214.498</u>	<u>570.495</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaþrófur, lækkun.....		29.159	580.695
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		(68.682)	241.254
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(39.523)</u>	<u>821.949</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.174.975</u>	<u>1.392.444</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Viðskiptastaða við tengda aðila, breyting.....		(735.832)	(901.875)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(735.832)</u>	<u>(901.875)</u>
Breyting á handbæru fé.....		439.143	490.569
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>5.498.667</u>	<u>5.008.098</u>
Handbært fé í lok ársins.....		<u><u>5.937.810</u></u>	<u><u>5.498.667</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.
- c. Viðskiptakröfur í lok ársins eru færðar niður um 1,6 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.
- d. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskattsins er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru færð síðar í ársreikningi en í skattauppgjöri.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Veitukerfi	Vélar og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	5.204.982	814.426	6.019.408
Heildarverð 31.12.2016.....	5.204.982	814.426	6.019.408
Afskrifað áður.....	4.359.084	732.984	5.092.068
Afskrifað á árinu.....	42.134	0	42.134
Afskrifað samtals 31.12.2016.....	4.401.218	732.984	5.134.202
Bókfært verð 31.12.2016.....	803.764	81.442	885.206
Afskriftahlutföll.....	4-20%	20%	

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2016.....	12.199.124
Hagnaður ársins.....	1.136.302
Staða 31.12.2016.....	13.335.426

Skýringar, frh.

4. Tekjuskattseign

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjördegi, nú 36%.

Tekjuskattseign greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun.....	1.029.499
Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins.....	(601.320)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017.....	565.258
Tekjuskattseign í árslok 2016.....	<u>993.437</u>

Tekjuskattseign skiptist þannig í árslok á einstaka liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	437.810
Viðskiptakröfur.....	555.628
Tekjuskattseign í árslok 2016.....	<u>993.438</u>

Opinber gjöld vegna rekstrar 2016 sem koma til álagningar á árinu 2017 eru reiknuð og færð til skuldar í efnahagsreikningi og greinast þau þannig:

Tekjuskattur.....	565.258
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur.....	(38.124)
	<u>527.134</u>

5. Rekstrarkostnaður

	2016	2015
Viðhald, efni og vinna	1.760	103.006
Rafmagn	510.718	487.457
Aðkeypt þjónusta	400.275	342.150
Niðurfærðar viðskiptakröfur	12.279	231.097
Afgjald	330.000	0
Annar kostnaður	26.179	19.139
	<u>1.281.211</u>	<u>1.182.849</u>